

Nr. 029 / 11 Ramóna ÍS 840**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1852
IMO nr. 0
Smíðaður: Englandi 1987, plast
Stærð: 10 brl. 16 bt.
Mesta lengd: 11,3 m Skráð lengd: 11,24 m
Breidd: 4,1 m Dýpt: 1,15 m
Vél: Mitsubitshi 213 kW 1987
Fjöldi skipverja: 2



Ramóna ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. mars 2011 var Ramóna á siglingu frá Súgandafirði til Stykkishólms. Veður: NA 5-10 m/sek.

Þegar komið var suður fyrir Bjargtanga stöðvaðist vélin og eftir athugun fannst olústífla þess eðlis að skipstjóri óskaði eftir aðstoð. Á meðan beðið var aðstoðar var lagst við akkeri í skjóli undan Bjarginu. Björgunarskipið Björg dró Ramónu ÍS til Rifshafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að mikil óhreinindi reyndust vera í neyðarloka og afrennslisröri frá Racor grófsíum að fínsíum;
- að bátsverjar höfðu nýlega hreinsað olúkerfið en ekki olútankinn og er talið að óhreinindin hafi verið í honum. Þau hafa síðan farið af stað þegar báturinn fór að velta og olían að minnka á tanknum.

Nefndarálit:

Orsök olústíflunnar voru að öllum líkindum óhreinindi í olútank.